

AUGLÝSING

um samning við Tékkóslóvakíu um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 12. og 13. júlí 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Tékkóslóvakíu um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 15. júlí 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. júlí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Þýska alþýðulýðveldið um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 19. júlí 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Þýska alþýðulýðveldisins um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 1. ágúst 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 23. júlí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um samning við Ungverjaland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 12. júlí og 3. ágúst 1990 var gengið frá samningi milli Íslands og Ungverjalands um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 24. ágúst 1990.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. ágúst 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.